

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Óseyri sunnan Krossanesbrautar. Deiliskipulag.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. janúar 2012 í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar.

Skipulagssvæðið afmarkast af lóðarmörkum lóða, 1, 1a, 2 og 2a við Óseyri, nema í norðri þar sem skipulagsmörkin eru við Krossanesbraut. Um er að ræða deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

Með auglýsingu þessari fellur jafnframt eftirfarandi deiliskipulag úr gildi þar sem það er innan skipulagssvæðis þessarar tillögu:

Kaupfélag Eyfirðinga, Óseyri 1, Akureyri. Skipulagsuppráttur samþykktur af skipulagsstjóra ríkisins 22. janúar 1996.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 37. - 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. febrúar 2012,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.